

AUGLÝSING

um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna vegamála.

1. gr.

Eftirtalin EES-gerð sem vísað er til í II. kafla um flutninga á vegum í XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, skal öðlast gildi sem hér segir með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af XIII. viðauka og bókun I við samninginn og öðrum ákvæðum hans:

1. Eftirfarandi nýr liður komi aftan við 18. lið:

- 18a. Tilskipun ráðsins 93/89/EBE frá 25. október 1993 um álagningu gjalda á tiltekin ökutæki notuð til vöruflutninga á vegum og vegatolla og notendagjöld af tilteknum samgöngumannvirkjum í aðildarríkjunum.

2. gr.

Gerð samkvæmt 1. gr. er birt í bók 3 sérstakrar útgáfu EES-viðbætis við Stjórnartíðindi EB, bls. 388-394, sbr. lög nr. 91/1994.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 3/1987 um fjáröflun til vegagerðar, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 30. júní 1994.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna farþegaflutninga á landi.

1. gr.

Eftirtaldar EES-gerðir sem vísað er til í II. kafla um flutninga á vegum í XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, skulu öðlast gildi sem hér segir, með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af XIII. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans:

1. Eftirfarandi komi í stað 32. liðar:

32. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 684/92 frá 16. mars 1992 um setningu sameiginlegra reglna um farþegaflutninga milli landa með hópþingreiðum.

2. Í stað 33. liðar komi eftirfarandi:

33. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1839/92 frá 1. júlí 1992 um nákvæmar reglur um beitingu reglugerðar ráðsins nr. 684/92 að því er varðar skjöl vegna farþegaflutninga milli landa, eins og henni er breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2944/93 frá 25. október 1993.

3. Eftirfarandi nýr liður komi aftan við 33. lið:

33a. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2454/92 frá 23. júlí 1992 um skilyrði fyrir því að flutningafyrirtæki stundi farþegaflutninga á vegum innanlands í aðildarríki sem það hefur ekki aðsetur.

2. gr.

Gerðir samkvæmt 1. gr. eru birtar í bók 3 sérstakrar útgáfu EES-viðbættis við Stjórnartíðindi EB, bls. 397-405 og 413-455, sbr. lög nr. 91/1994.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum nr. 53/1987, sbr. sérstaklega 2. gr. laga nr. 62/1993, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 30. júní 1994.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

**um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum
um Evrópska efnahagssvæðið vegna flutninga á sjó.**

1. gr.

Eftirtaldar EES-gerðir sem vísað er til í V. kafla um flutninga á sjó í XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, skulu öðlast gildi sem hér segir, með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af XIII. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans:

1. Eftirfarandi nýr liður komi aftan við 55. lið:

55a. Tilskipun ráðsins 93/75/EBE frá 13. september 1993 um lágmarkskröfur fyrir skip sem flytja hættulegar eða mengandi vörur til eða frá höfnum innan bandalagsins.

2. Eftirfarandi nýr liður komi aftan við 56. lið:

56a. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2158/93 frá 28. júlí 1993 varðandi framkvæmd breytinga á alþjóðasamningi um öryggi mannlífa á hafinu, 1974, og alþjóðasamningi um varnir gegn mengun frá skipum, 1973, að því er reglugerð ráðsins (EBE) nr. 613/91 varðar.

3. Eftirfarandi nýr liður komi aftan við 59. lið:

59a. Ákvörðun ráðsins 92/143/EBE frá 25. febrúar 1992 um þráðlaust leiðsögukerfi fyrir Evrópu.

2. gr.

Gerðir samkvæmt 1. gr. eru birtar í bók 3 sérstakrar útgáfu EES-viðbættis Stjórnartíðindi EB, bls. 494-506, sbr. lög nr. 91/1994.